

STJÓRNARTÍÐINDI A 15 — 1968

Nr. 69.

298

26. ágúst 1968.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, fer í dag í embættiserindum til útlanda. Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinna.

Í forsætisráðuneytinu, 26. ágúst 1968.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 70.

31. ágúst 1968.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, kom í dag úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 31. ágúst 1968.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 71.

21. september 1968.

FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 10. október 1968.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 10. október 1968.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört að Bessastöðum, 21. september 1968.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.